Tilvísun 2021-774 – 0.25
Gunnarsholti 12. júlí 2021

Umhverfis og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum, mál nr. S129/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 9. júní sl., þar sem kallað er eftir umsögnum um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum. Eftirfarandi umsögn tekur sérstaklega fyrir mikilvægi þess að tengja ástand vistkerfa hverju sinni við möguleika á aðlögun að loftslagsbreytingum, ekki síður en sem mótvægisaðgerð.

Landgræðslan fagnar framkomnum drögum Hvítbókar um aðlögun að loftslagsbreytingum en vill góðfúslega benda á að drögin taka tiltölulega lítið tillit til ástands vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni þeirra sem lykilþáttar í aðlögun samfélaga að loftslagsbreytingum og til að draga úr hættu á náttúruvá. Þanþol og viðnámsþróttur vistkerfa skiptir þar miklu en það er ekki dregið skýrt fram í drögunum, heldur fyrst og fremst lögð áhersla á viðnámsþrótt samfélaga.

Þó rannsóknir sýni töluvert mikla aukningu gróðurs á landsvísu frá því um og fyrir 1990 og að meðalgrænkustuðull (NDVI) Íslands hafi hækkað um 80% á milli áranna 1982 og 2010 þá segja þær upplýsingar ekkert til um vistfræðilegt ástand lands né þanþol og viðnámsþrótt vistkerfanna.

Samkvæmt nýlegum gögnum verkefnisins Grólindar þá eru yfir 25.000 km^2 lands < 600 metra hæð yfir sjávarmáli metin með litla vistfræðilega virkni og lítinn stöðugleika og um 10.000 km^2 lands < 600 metra hæð yfir sjávarmáli með talsvert skerta vistfræðilega virkni

og skertan stöðugleika. Þá eru ótalin rúmlega 25.000 km^2 lands > 600 metra hæð yfir sjávarmáli sem flokkast með litla eða skerta virkni og stöðugleika (sjá bls. 3 og 4 í drögum að landgræðsluáætlun; https://landgraedsluaaetlun.land.is/).

Í kafla 4 um náttúruvá í drögum að Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum er ekkert fjallað um ástand vistkerfa landsins, hversu lágt þanþol og viðnámsþrótt þau hafa í mörgum tilfellum og hversu miklu máli það getur skipt þegar kemur að aðlögun að loftslagsbreytingum.

Í drögum að landgræðsluáætlun kemur eftirfarandi fram: „Hnignun vistkerfa hér á landi hefur leitt til skerðingar á viðnámsþrótti og þanþoli þeirra. Þannig dregur eyðing skóga og kjarrs úr viðnámsþrótti vistkerfa gagnvart öskufalli og getu til að stöðva dreifingu fokefna. Röskun á vistkerfum votlendis, vatnasviða og náttúrlegum farvegum fallvatna hefur dregið úr getu til að miðla vatni og aukið flóðahættu. Hnignun mólendis hefur dregið úr álagsþoli gagnvart beit og öðru álagi, eins og til dæmis öskufalli eða ákomu fokefna. Þannig hefur hnignun vistkerfa aukið tjónnæmi samfélagsins, skert lýðheilsu og lífsgæði fólks og aukið kostnað vegna náttúruvár. Því er mikilvægt að endurheimta viðnámsþrótt og þanþol vistkerfa, ekki síst í ljósi þess að líkur á náttúruvá aukast með breyttu loftlagi" (bls. 19 í drögum að landgræðsluáætlun).

Markmið 5. kafla Hvítbókarinnar um skipulagsmál er eftirfarandi: „ Mikilvægt er að nýta skipulagsgerð með markvissum hætti til að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags". Ekkert er minnst á mikilvægi þess að efla að sama skapi þanþol og viðnámsþrótt vistkerfa landsins.

Í kassa 6 í drögunum er rætt um náttúrumiðaðar lausnir (e. nature-based solutions, ecosystem-based approaches). Þar segir meðal annars: „…Breska vistfræðifélagið hefur einnig gefið út greinagóða skýrslu um náttúrumiðaðar lausnir (6). Verulega skortir á rannsóknir á þessu í íslensku samhengi og því hvernig finna má samlegð á milli aðlögunar og mótvægisaðgerða en í því virðast þó vera umtalsverðir möguleikar".

Landgræðslan vill draga fram og benda á að stofnunin býr yfir umtalsverðri þekkingu á því hvernig finna megi samlegð á milli aðlögunar og mótvægisaðgerða. Stofnunin hefur starfað eftir hugmyndafræði vistkerfisnálgunar (e. ecosystem-based approaches) um árabil og náttúrumiðaðar lausnir eru hluti af verkfærakistu Landgræðslunnar, rétt eins og aðferðafræði endurheimtar vistkerfa. Vistkerfisnálgun, aukin viðnámsþróttur vistkerfa til að

bregðast við náttúruvá og náttúrumiðaðar lausnir eru þannig rauðir þræðir í gegnum drög Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins að landgræðsluáætlun, sem nýverið voru til umsagnar á heimasíðu Landgræðslunnar (https://landgraedsluaaetlun.land.is/).

Í drögum að nýrri landgræðsluáætlun (https://landgraedsluaaetlun.land.is/) er eftirfarandi framtíðarsýn sett fram: „Ástand vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni þeirra er í samræmi við vistgetu. Vernd vistkerfa er grunnstef í allri stefnumótun og ákvörðunum tengdri nýtingu þeirra. Nýting vistkerfanna er sjálfbær og þau hafa mikið þanþol og öflugan viðnámsþrótt gegn náttúrulegum áföllum og öðru raski. Vistkerfin geyma ríkulegt magn af kolefni í jarðvegi og gróðri og gegna lykilhlutverki í framlagi Íslands við að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og aðlögun að þeim" (bls. 10 í drögum að landgræðsluáætlun).

Landgræðslan leggur til að mikilvægi virkra og fjölbreyttra vistkerfa verði fléttuð mun þéttar inn í drög að Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum en gert er í fyrirliggjandi drögum, að minnsta kosti hvað varðar kafla 4 um náttúruvá og kafla 5 um skipulagsmál. Við leggjum einnig til að drög að landgræðsluáætlun verði höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu og lýsum okkur boðin og búin til að aðstoða starfshópinn við það, ef þess er óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Landgræðslunnar

Þórunn Wolfram Pétursdóttir
Sviðsstjóri sjálfbærni og loftslags